

FERÐIR

LAUGARDAGUR 28. JÚLÍ 2012

Kynningarblað

Ferðalög með hjólhýsi
Mikið framboð af afþreyingu
Ferðast á mótörhjólí
Suðurlandið heillar
Borgarferðir
Söfn



Mikið framboð afþreyingar í boði

Ferðalangar á ferð um landið í sumar hafa úr fjölmörgum skemmtilegum hátíðum að velja. Allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi.

Bæjarhátíðir eru eitt einkennismerki íslenskra sumarsins. Þær eru haldnar í flestum stærri byggðarlögum landsins frá vori fram á haust. Margar þeirra eru hefðbundnar fjölskylduhátíðir þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi á meðan aðrar einblína á til dæmis tónlist, matargerð eða sögu landsins. Ferðamenn innanlands hafa að minnsta kosti úr mörgum skemmtilegum hátíðum að velja af öllum stærðargráðum næstu vikurnar. Strax um verslunarmannahelgina 3.-6. ágúst geta ferðalangir valið úr fjölda viðburða fyrir utan hefðbundnar útihátíðir. Færeyskir fjölskyldudagar verða haldnir á Stokkseyri og Unglingalandsmót UMFÍ verður haldið í fimmtánda skipti á Selfossi. Fjölskylduhátíðin Álfaborgarséns verður haldin í Borgarfirði eystri sömu helgina og einnig árlegir Síldardagar sem verða haldnir á Siglufirði. Evrópumeistaramót- id í mýrabolta verður haldið um verslunarmannahelgina á Ísafirði í áttunda sinn.

Vikuna eftir verslunarmannahelgina hefst menningarhátíðin Einu sinni á ágústkvöldi á Vopnafirði sem er helguð bræðrunum Jóni Múla og Jónasi Árnasonum. Í Borgarfirði hefst á sama tíma norræna þjórnaráðstefna Gavstrik

sem stendur yfir í sex daga. Dagana 9. til 12. ágúst ættu allir matgæðingar að leggja leið sína til Dalvíkur þegar Fiskidagurinn mikli er haldinn. Sömu helgi er einleikahátíðin Act alone haldin á Suðureyri.

Tónlistarhátíðin Pönk á Patró verður haldin laugardaginn 11. ágúst og er ætluð unglíngum og fullorðnum.

Stykkishólmur hýsir Danska daga 17.-19. ágúst en hátíðin hefur verið haldin í mörg ár. Dönsk áhrif voru ríkjandi í bænum áður fyrr og danskan meira að segja töluðu á sunnudögum. Sömu helgi ættu allir unndendur kántrýtónlistar að skella sér á Kántrýdaga á Skagatrönd en hátíðin hefur fyrir löngu fest sig í sessi meðal áhugamanna um kántrýtónlist og vestræna menningu.

Tónlistarhátíðin Gæran verður haldin á Sauðárkróki helgina 23.-25. ágúst þar sem boðið verður upp á 27 atriði á þremur dögum. Mikil flugeldasýning verður haldin við Jökulsárlón 25. ágúst. Þetta er í þrettánda skiptið sem sýningin er haldin og er óhætt að hvetja alla ferðamenn á nálægum slóðum til að mæta og njóta flugeldasýningarinnar í stórkostlegu umhverfi Jökulsárlóns.



Mýraboltinn á Ísafirði er ávallt vinsæll.



Hótel Berg er nýlegt hótél sem stendur við smábátahöfnina í Keflavík. Góðar umsagnir gesta hótelsins gera það að einu af þeim stigahæsta á landinu á alþjóðlegum bókunarvefum.

Hundurinn Tómas á Hótel Bergi

Hundurinn Tómas, sem varð frægur í þáttunum Andri á flandri, tekur á móti gestum á Hótel Bergi. Hótelid er ársgamalt en er samt orðið eitt stigahæsta hótelið á Íslandi á einum stærsta bókunarvef veraldar, Booking.com, en stigin eru byggð á umsögnum gesta.

Hótel Berg er nýlegt hótél sem stendur á einum fallegasta stað Suðurnesja, við smábátahöfnina í Keflavík. Þar er tilvalið fyrir Íslendinga að gista áður en þeir fara í ferðalög til útlanda því um sjö mínútur tekur að aka til og frá flugvelli frá hótelinu. Auk þess er boðið upp á gjaldfrjálsan akstur til og frá velliinn ásamt því að láta geyma bílinn á meðan á ferðalagi stendur.

Í móttöku hótelsins tekur hundurinn Tómas á móti gestum en hann er Íslendingum að góðu kunnur úr sjónvarpsþáttunum Andri á flandri. Tómas er góðu vanur því Hótel Berg er eitt stigahæsta hótelið á Íslandi



Hundurinn Tómas, sem gerði garðinn frægan í þáttunum um Andra á flandri, heldur til í móttökunni á Hótel Bergi og býður gesti velkomna þangað.

á einum stærsta bókunarvef veraldar, Booking.com. Þar fær hótelið einkunnina 9,4 eða framúrskarandi en þar er byggt á umsögnum 380 gesta sem gist hafa á hótelinu. Það er einnig vel látið af hótelinu á vefsíðunni TripAdvisor en þar fær hótelið fullt hús stiga.

Hótel Berg er lítið og heimilislegt og lögd er áhersla á persónulega þjónustu og hlýtt viðmót. Heillandi náttúrufegurð blasir við en frá staðnum er fagurt útsýni yfir höfnina, út á haf og yfir bæinn. Frábærir kostir til útivistar og afþreyingar eru á svæðinu og fjölbreyttar gönguleiðir, söfn og veitingastaðir eru í fimm mínútna göngufjarlægð.

Fjölbreytt söfn á Suðurlandi

Fjöldi skemmtilegra og áhugaverðra safna er að finna á Suðurlandi fyrir alla aldurshópa.

Sögusetrið

Sögusetrið á Hvolsvelli er menningarmiðstöð Rangárþings eystra. Húsið hýsir bæði sýningar og söfn sem tengjast menningu og sögu sveitarfélagsins. Á Njálusýningunni er Brennu-Njálssaga kynnt í máli og myndum en söguvið hennar er Rangárþing um aldamótin 1000. Sýningin skiptist í þrjú hluta; Víkingastofu, Bókastofu og Njálustofu. Kaupfélags-sýningin var sett upp árið 1999 og er tileinkuð Kaupfélögum og Samvinnuhreyfingunni. Sjá nánar á: www.njala.is.



Draugasetrið og Álfa-, trölla- og norðurljósaafnið

Menningarverstöðin á Stokkseyri hýsir tvö skemmtileg söfn. Draugasafnið er vinsælt hjá öllum aldursflokkum enda allir þekktustu draugar Íslandssögunnar til sýnis þar. Sýningin byggir á 24 draugasögum og gestir upplifa umhverfi þeirra og bakgrunn. Álfa-, trölla- og norðurljósaafnið býður gestum að upplifa heimkynni álfa og trölla. Norðurljósin eru sýnd á 40 fermetra vegg þar sem gestir geta fengið sér sæti og upplifað ljósadýrðina. Sjá nánar: www.draugasafni.is og www.ice-landicwonders.com.

Jöklasýning

Á Höfn í Hornafirði er Jöklasýningin staðsett í miðbænum. Hún

höfðar til allra aldurshópa og miðlar fróðleik um jökla, umfjöllun um náttúru svæðisins og hefur uppstoppuð dýr til sýnis. Hægt er að horfa á myndbrot úr James Bond myndinni Die Another Day sem tekin var upp á Jökulsárlóni árið 2000. Sjá nánar: www.rikivatnajokuls.is/is-land.

Þórbergsetrið

Á Hala í Suðursveit hefur verið reist menningarsetur til minningar um Þórberg Þórðarson rit höfund. Setrið inniheldur tvo sýningarsali. Annar hýsir sýningu um ævi og verk Þórbergs þar sem fræðsluspjöld og leikmunir eru notaðir til að fanga gamla tíma. Hinn salurinn hýsir ljósmyndasýningu úr Suðursveit. Þar eru til sýnis ljósmyndir frá árunum 1930-1960 sem sýna atvinnu-hætti og mannlíf úr sveitinni. Sjá nánar: www.thorbergssetur.is.



Sagnheimar

Stutt er síðan miklar breytingar voru gerðar á Byggðasafni Vestmannaeyja og það opnað undir heitinu Sagnheimar. Þar má skoða minjar frá eldgosinu í Heimaey árið 1973 og teiknimyndir sem lýsa Tyrkjaráninu árið 1627. Einnig er fjallað um sjómennsku og fiskvinnslu sem hafa skipað stóran sess í lífi bæjarbúa frá upphafi. Sjá nánar: www.sagnheimar.is.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000

Umsjónarmenn auglýsinga: Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is sími 512 5411

Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

Frítt flug
fyrir börnin

14-28. ágúst

frá aðeins kr.
91.900

Costa del Sol

Bajondillo ***

Frá kr. **91.900**
í 14 nætur

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára,
í íbúð með einu svefnherbergi.

Netverð m.v. 2 fullorðna í studio íbúð kr. 118.800 á mann.
14. ágúst í 2 vikur.

Griego Mar ***

Frá kr. **132.900**
í 14 nætur með allt innifalið

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára,
í fjölskylduherbergi.

Netverð m.v. 2 fullorðna í herbergi kr. 194.900 á mann.
14. ágúst í 2 vikur.



frá aðeins kr.

107.500

í 14 nætur með fullu fæði

Alicante

kr. **14.900**

– önnur leiðin
frítt fyrir börnin
(skattur kr. 4.600)

14-28. ágúst

Frítt flug
fyrir börnin

Benidorm

Carlos I ***

Frá kr. **107.500**
í 14 nætur með fullu fæði

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára,
í fjölskylduherbergi.

Netverð m.v. 2 fullorðna í herbergi kr. 175.500 á mann.
14. ágúst í 2 vikur.

Hotel Melia ****

Frá kr. **153.200**
í 14 nætur með hálfu fæði

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 1 barn, 2-11 ára,
í herbergi.

Netverð m.v. 2 fullorðna í herbergi kr. 194.900 á mann.
14. ágúst í 2 vikur.



Skráðu þig í netklúbb Heimsferða og fáðu send öll tilboð.



Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri, sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

 **Heimsferðir**

Hélt utan um konuna í 2050 kílómetra

Það er mikil upplifun að ferðast um landið á mótörhjól. Ferðamenn upplifa landslag og umhverfi með allt öðrum hætti en á bíl enda kjósa sífellt fleiri ferðamenn þennan valkost yfir sumartímann.

Ásbjörn Björgvinsson, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Norðurlands, er nýkominn úr skemmtilegu ferðalagi þar sem hann var farþegi aftan á mótörhjól tilvonandi eiginkonu sinnar, Hildar Guðnadóttur, og í samfloti við annað par. „Vinum og ættingjum leist nú máttulega á þessa hugmynd Hildar. Ég hef enga reynslu af akstri mótörhjóna auk þess að vera talsvert stærri og þyngri en hún en ég gat ekki skorast undan svo spennandi áskorun.“ Tilefni ferðarinnar var brúðkaupsferð vinahjóna þeirra, Magnúsar Arnar Stefánssonar og Esterar Halldórsdóttur sem giftast í dag, laugardaginn 28. júlí. Ásbjörn fékk lánaðan galla og fjárfesti í skærappelsínugulum mótörhjólahjálmi svo hann sæist vel.

Önnur upplifun sem farþegi

Ferðalagið hófst í Reykjavík 8. júlí og lá leiðin fyrst út á Reykjanes og þaðan til Þorlákshafnar eftir nýja Suðurstrandarvegnum. Fyrstu nóttina var gíst í Vestmannaeyjum og snemma morguns haldið áfram austur á bóginn. Við Skóga byrjaði að rigna eins og hellt væri úr fötu. „Leiðin frá Skógum að Skaftafelli var því ansi blaut, en fyrir utan þennan spotta rigndi ekkert á ferðalagi okkar. Á suðurströndinni

upplifði ég líklega skemmtilegustu og sterkustu upplifun ferðarinnar. Þá fann maður alla lyktina frá náttúrunni. Það var megn brennisteinsfýla frá jökulánum, lykt af nýslegnu grasi, ilmur frá smárabreiðunum og skítalykt af túnum í bland við rok, rigningu, kulda og sól svo eitthvað sé nefnt.“

Þegar hópurinn var kominn að Jökulsárlóni var sólin komin á kreik og sól og blíða og heitir pottar biðu blautra ferðalanga að Hofelli í Hornafirði. Þaðan var haldið austur á firði og gíst á Mjóeyri við Eskifjörð, síðan á Egilsstöðum og svo við Þistilfjörð. Ferðalangarnir lentu í miklu hvassviðri í Öxarfirði á leið sinni til Húsavíkur en dagurinn endaði á Akureyri, heimabæ Ásbjarnar. Á mánudeginum var haldið út Eyjarfjörðinn inn í Skagafjörð og endað á Hvamstanga þar sem gíst var síðustu nóttina áður en haldið var til Reykjavíkur eftir níu daga ferðalag.

Margir frábærir veitingastaðir

Ásbjörn segir það vera mikla upplifun að ferðast um landið með þessum hætti. „Við fórum af stað með það í huga að kaupa alla þjónustu á leiðinni enda ferðumst við mjög létt. Við heimsóttum safnið að Skógum og fengum kærkominn kaffisopa á Steinásafni Petru.



Ásbjörn Björgvinsson og Hildur Guðnadóttir í sól og sumaryl á Siglufirði.

MYND/ÚR EINKASAFNI

Á Eskifirði fundum við frábæran veitingastað í gömlu pakkhúsi rétt við Mjóeyri. Selársdalslaug við Vopnafjörð stendur alltaf fyrir sínu og það var dásamlegt að vakna við ilminn af nýbökðuðum pönnukökum á Ytra Álandi. Á Smyrlabjörgum í Suðursveit fengum við glæsi-

legt kvöldverðarhlaðborð og frábært grillhlaðborð á Gauksmýri en við heimsóttum líka nýja veitingastaðinn hans Völla Snæs á Húsavík sem var virkilega góður.“ Þrátt fyrir að ferðalagið hafi verið mikið ævintýri er Ásbjörn ekki farinn að skipuleggja aðra ferð. „Ég er meiri

golfari en mótörhjólamaður. Fyrir mig var þetta ferðalag einstök upplifun en eitthvað sem ég þarf ekki endilega að gera aftur. Þetta tók í skrokkinn og maður var oft aumur í rassinum á kvöldin eftir langan dag. Það þurfti því oft að strjúka á mér rassinn á kvöldin.“

Öryggi á vegum

Mikilvægt er að huga vel að öryggismálum ferðavagna áður en lagt er í ferðalag. Mikil fjölgun hefur orðið á ferðavögnum undanfarnin ár.

Umferð ýmissa gerða ferðavagna hefur aukist mikið á þjóðvegum landsins undanfarnin ár. Hér er meðal annars um að ræða hjólhýsi, fellihýsi og tjaldvagna. Mikilvægt er fyrir öikumenn slíkra farartækja



Einar Magnús Magnússon, upplýsingafulltrúi Umferðarstofu.

MYND/GVA

að sýna ýtrustu varúð við undirbúning ferðarinnar og þegar keyrt er á vegum landsins. Einar Magnús Magnússon, upplýsingafulltrúi hjá Umferðarstofu, segir að mikilvægt sé að huga að nokkrum þáttum áður en lagt er af stað í ferðalagið. „Það er mjög góð regla að athuga til dæmis ljósabúnað og athuga hvort hann virki fyrir brottför. Einnig þarf að athuga hvort ekki sé allt til staðar sem á að vera á ferðavagninum og hvort það sé ekki tryggilega fest. Síðan er afar mikilvægt að beisli og tengibúnaður sé í góðu ástandi.“ Hann hvetur bíleigendur til að koma við á næstu skoðunarstöð ef þeir telja sig ekki geta lagt mat á þessa þætti sjálfir. „Það er einnig mjög mikilvægt að hugað sé að bremsubúnaði ferðavagna sem er afar mikilvægur búnaður ef svo illa vill til að vagninn losnar aftan úr bílnum. Þá ber að hafa í huga að öryggisvír sé tengdur því annars virka bremsurnar ekki. Ef það eru engar bremsur þá þarf að gæta þess að öryggiskeðja sé tryggilega fest milli bíls og eftirvagns. Ef eftirvagn hindrar baksýn úr dráttarbílnum þarf að framlengja hliðarspegla bílsins báðum megin en speglarnir eiga að gera öikumanni kleift að sjá beggja vegna aftur með farartækinu.“

Einar bendir á að aksturseiginleikar bíla breytast mikið þegar þungir ferðavagnar eru með í för. Sérstaklega eigi það við um akstur á malarvegi þar sem lausamöl geti valdið því að bíllinn verði mjög óstöðugur á miklum hraða. Öikumenn þurfi einnig að hafa í huga að yfirhlaða ekki ferðavagna eins og t.d. hjólhýsi af ýmsum búnaði. Þannig geti vagninn orðið of þungur fyrir bílinn. Í því sambandi ber að athuga hvað vagninn má vera þungur og hvort bíllinn sé skráður til þess að draga svo stórt tæki en þær upplýsingar má finna í skráningarskírteini ökutækisins.

Einar segir Íslendinga almennt meðvitaða um öryggismál ferðavagna en þau slys sem verða má yfirleitt rekja til reynsluleysis og vanþekkingar og þess einnig að menn huga ekki að því að búnaðurinn sé í fullkomnu lagi.

Nú er tíminn til að panta borgarferð

Haustið er handan við hornið og ekki úr vegi að skoða úrval borgarferða sem í boði eru. **Icelandair** býður borgarferðir til allra sinna áfangastaða. Denver er nýjasti áfangastaðurinn en einnig má nefna tilboðsferð til Brighton. París, borg elskenda, er sömuleiðis sívinsæl.

Icelandair býður borgarferðir til allra áfangastaða félagsins. Þetta eru pakkaferðir þar sem keypt er flug og hótél. „Í þessum ferðum er fólk almennt á eigin vegum en við bjóðum jafnframt upp á sérferðir með fararstjóra og sérstakri dagsskrá,“ segir Svava Hjartardóttir. „Þá erum við alltaf með tilboðsferðir og nú í haust bjóðum við ferðir til Brighton, sem er skemmtilegur lítill strandbær skammt frá London. Flogið er til Gatwick en þaðan er stutt til Brighton. Þar er úrval veitingastaða og verslana og virkilega góð stemning.“

Nýjasti áfangastaður Icelandair er Denver. Þar er að finna einstök útivistarsvæði og hægt að fara í ævintýraferðir út í náttúruna. Borgin er nútímaleg og sólin skín í 300 daga á ári. „Þá er vinsælt að fara í borgarferð til Washington en sömuleiðis til Amsterdam og Parísar svo eitthvað sé nefnt.“ segir Svava. „París þykir sérlega heillandi á haustin og er eftirsótt af þörum á öllum aldri.“

Þess má geta að Icelandair býður upp á fjóra áfangastaði í Þýskalandi; München, Hamborg, Wiesbaden og Frankfurt svo þar er sannarlega hægt að skoða sig um. Fleiri áfangastaði er að finna á heimasíðu Icelandair, www.icelandair.is.



Í Denver er að finna einstök útivistarsvæði.



Það er margt að sjá og skoða í París.



Í París blómstrar ástin.

Svava segir fólk gjarnan panta borgarferðir á þessum tíma árs. „Nú er fólk að tínast úr sumarfrí og farið að skoða haustið. Það

er því að verða líflegt í kringum pakkasöluna enda vill fólk panta tímanlega og freista þess að fá besta verðið.“



Uppfylla ávallt óskir hins látna og aðstandenda hans

Útfararþjónustan ehf. hefur verið í eigu Rúnars Geirmundssonar og fjölskyldu hans frá stofnun hennar. Hann segir mikilvægast að taka tillit til aðstæðna hverju sinni og nálgast verkefnið með auðmýkt.

Það er nauðsynlegt að hafa samband við útfararþjónustuna sem fyrst eftir að andlát ber að,“ segir Rúnar Geirmundsson, eigandi Útfararþjónustunnar við Fjarðarás. „Í fyrsta lagi þarf að flytja hinn látna af dánarstað og í líkhús og síðan að byrja að undirbúa kistulagninguna. Útfararstjórinn heimsækir yfirleitt aðstandendur daginn eftir og þeir leggja þá fram óskir sínar varðandi framkvæmd kistulagningar og síðan jarðarfarar. Í því felst í flestum tilfellum að velja prest og hafa samband við hann og síðan að tímasetja athafnirnar inn í forrit sem við notum og er beintengt við kirkjugarðana. Næsta skref er svo að ákveða hvað kemur í okkar hlut en um það hafa aðstandendur auðvitað frjálsar hendur að mestu leyti.“

Rúnar stofnaði Útfararþjónustuna á vormánuðum árið 1990 og hefur alla tíð veitt fyrirtækinu forstöðu sem framkvæmdastjóri þess og útfararstjóri. Útfararþjónustan er í eigu Rúnars og eiginkonu hans, Kristínar Sigurðardóttur, og starfa synir þeirra, Sigurður og Elís, þar ásamt föður sínum. Skrifstofa Útfararþjónustunnar er að Fjarðarási 25 í Reykjavík. Þar tekur útfararstjóri á mót aðstandendum og veitir þeim allar upplýsingar er varða undirbúning útfarar. Útfararstjóri kemur einnig heim til aðstandenda sé þess óskað.

Á Viðarhöfða í Reykjavík er aðstaða Útfararþjónustunnar fyrir líkbíla og kistur og þar er fullkominn aðstaða fyrir alla starfsemi útfararþjónustu. Að auki hefur Út-



„Ef maður sinnir sínu starfi vel er það fljótt að spyrjast út,“ segir Rúnar Geirmundsson útfararstjóri, sem rekur Útfararþjónustuna ehf. ásamt sonum sínum Sigurði og Elís.

MYND/ERNIR

“Hljá, auðmýkt og virðing er það leiðarljós sem við fylgjum alltaf.

fararþjónustan aðgang að aðstöðu í líkhúsinu við Fossvogskapellu.

Rúnar segir það ráðast mest af orðspori hvaða útfararþjónustu fólk velji og að bestu meðmæli sem hægt sé að fá sé að fólk leiti til þeirra aftur og aftur. „Satt best að segja byggist þetta dálítið mikið á persónulegum kunningskap og ef maður sinnir sínu starfi vel er

það fljótt að spyrjast út. Fyrst og fremst þarf að taka tillit til þess að fólk er í sárum eftir ástvinamissi. Við þurfum að gæta að því sem við gerum og segjum og eins að nálgast fólk með hlýju og auðmýkt. Það getur verið mjög erfitt að bjóða fólk við þessar aðstæður þjónustu sem kostar peninga en þetta hefur lærst í gegnum árin og við tökum

mjög mikið tillit til þess hvernig aðstæður eru hverju sinni.“

Rúnar hefur unnið við útfararþjónustu frá því 1983, fyrst hjá Kirkjugörðum Reykjavíkur og síðan í eigin fyrirtæki. Hann segist hafa lært það á löngum ferli að það skipti ekki höfuðmáli hvaða trú fólk adhyllist eða hvort það adhyllist trú yfirleitt, virðingin fyrir hinum látna sé alltaf í forgrunni. „Og það þurfum við alltaf að hafa í huga, án þess að taka afstöðu til trúmála. Hljá, auðmýkt og virðing er það leiðarljós sem við fylgjum alltaf.“



FYRSTA HVÍTA ÚTFARAR-BIFREIÐIN Á ÍSLANDI

„Árið 1990 fluttum við inn fyrsta gráa útfararbílinn sem notaður var við athafnir á Íslandi. Það vakti mikla athygli á þeim tíma og undrun sumra,“ segir Rúnar Geirmundsson. „Tíminn leiddi þó í ljós að aðstandendum þótti bíllinn hlýlegur og fallegur í alla staði. Hér má sjá nýjustu útfararbílfreið fyrirtækisins. Bíllinn er af Cadillac Hearse gerð og er eins og sjá má hvítur á lit. Þetta er fyrsti og eini sér-útfærði útfararbíllinn á Íslandi í yfir 80 ár sem er alhvítur. Bíllinn er árgerð 1996.“



ÍSLENSK DUFTKER ÚR BIRKI OG REYNIVIÐ

Þann 23. mars tók Rúnar Geirmundsson útfararstjóri við fyrstu íslensku duftkerjunum sem koma í sölu á Íslandi úr hendi Karls V. Dyrving. Karl bar sigur úr býtum í Af jörðu – samkeppni um hönnun duftkers úr íslenskum viði sem haldin var í tilefni alþjóðlegs árs skóga á Íslandi árið 2011. Útfararþjónustan er fyrsta útfararstofan til að bjóða upp á íslenskt duftker.



Þær kistur sem við bjóðum, eru framleiddar í Danmörku og hafa staðist allar væntingar um fagleg vinnubrögð og góðan frágang.

Útfararþjónustan ehf.

Stofnað 1990

Fjarðarási 25 • 110 Reykjavík • Sími 567 9110 • 893 8638
www.utfarir.is • runar@utfarir.is



Fjölskyldufyrirtæki
í 21 ár

Markmið okkar hefur ávallt verið að veita bestu faglegu þjónustu varðandi undirbúning og framkvæmd útfarar.



Rúnar Geirmundsson



Sigurður Rúnarsson



Elís Rúnarsson



Þorbergur Þórðarson





Arnór L. Pálsson framkvæmdastjóri
Ísleifur Jónsson útfararstjóri
Frimann Andrésson útfararþjónusta
Jón Bjarnason útfararþjónusta

— REYNSLA • UMHYGGJA • TRAUST —



Hugrún Jónsdóttir útfararþjónusta
Guðmundur Baldvinsson útfararþjónusta
Þorsteinn Elfásson útfararþjónusta
Ellert Ingason útfararþjónusta

Þegar andlát ber að höndum
Önnumst alla þætti útfararinnar



ÚTFARARSTOFA
KIRKJUGARÐANNA

Vesturhlíð 2 • Fossvogi • Sími 551 1266 • www.utfor.is



Erfidrykkjur af alúð

Hótel Saga annast erfidrykkjur af virðingu og hlýju.
Fágað umhverfi, góðar veitingar og styrk þjónusta.

Sími: 525 9930
hotelsaga@hotelsaga.is
www.hotelsaga.is

Radisson BLU
HÓTEL SAGA, REYKJAVÍK

Athöfn
ÚTFARARÞJÓNUSTA

Vönduð og
persónuleg
þjónusta



Inger Steinsson



Inger Rós Ólafsdóttir



Ólafur Örn Pétursson

Sími: 551 7080 • 691 0919 • athofn@athofn.is • www.athofn.is



Arnór L. Pálsson, framkvæmdastjóri Útfararstofu Kirkjugarðanna, segir starfið erfitt á stundum en einnig gefandi.

Samskiptin mikilvæg

Hjá Útfararstofu Kirkjugarðanna ehf. er áhersla lögð á traust og umhyggju. Fyrirtækið byggir á áratugareynslu starfsfólks en að mörgu þarf að huga þegar andlát ber að höndum. „Starfið er erfitt en krefjandi.“

Yfirleitt er haft samband við okkur frá dánarstað og við beðin um að flytja hinn látna í líkhús. Tveir menn eru hjá okkur á útkallsvakt, alla daga ársins utan hefðbundins vinnutíma. Síðan hefst skipulagning útfararinnar og við sjáum um hana í samvinnu við aðstandendur,“ útskýrir Arnór L. Pálsson, framkvæmdastjóri Útfararstofu Kirkjugarðanna. Að mörgu þarf að huga við andlát. Útfararstofan hefur samband við þann prest sem aðstandendur óska eftir, ákveða þarf stað og stund fyrir kistulagningu og útför en útför getur farið fram í hvaða kirkju sem er á höfuðborgarsvæðinu. Kistulagning fer venjulega fram í Fossvogskapelli eða bænhúsi við Fossvogskirkju, tveimur til sex dögum eftir dauðsfall. Kistulagt er alla virka daga frá

9 til 16 og útfarartímar eru klukkan 11, 13 og 15 mánudaga til föstudaga.

„Eins þarf að huga að sálmaskrá og vali á tónlistarfólki, organista og kirkjuskreytingum og hversu margir munu bera kistuna,“ bætir Arnór við. Ákvarðanirnar eru margar sem taka þarf, oft á erfiðum stundum. Arnór segir starfsfólk útfararþjónustunnar ávallt leggja sig fram við að veita bestu mögulegu þjónustu sem völ er á með áherslu á traust og umhyggju. Nauðsynlegt sé að geta gefið af sér.

„Það útskrifar enginn skóli útfararþjónustufólk, starfið lærist með reynslunni og mannleg samskipti þurfa að vera góð. Við búum að mikilli reynslu en hér hefur sami starfsmannahópur unnið árum saman,“ segir Arnór. „Sorgin er alltaf erfið og við hittum fólk

á þeirra viðkvæmstu stundum. Þá er nauðsynlegt að starfsfólk geti gefið af sér. Starfið er erfitt en mjög gefandi.“

Útfararstofa Kirkjugarðanna ehf. er stærsta útfararþjónusta landsins, stofnuð 1994, en áður höfðu Kirkjugarðar Reykjavíkur rekið útfararþjónustu frá árinu 1948. Viðtalsherbergi og skrifstofur eru til húsa að Vesturhlíð 2 í Fossvogi og þar er einnig aðstaða til gerðar sálmaskráa og skiltagerð. Lagerpláss og bílageymsla stofunnar er í Auðbrekku 1 í Kópavogi en fyrirtækið rekur fjóra Cadillac-líkbíla og Renault-flutningabíl. Samvinna er við Útfararþjónustu Hafnarfjarðar og Fjöl-Smíð kistuverkstæði, um kistukaup. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðunni www.utfor.is.

BÁLFARIR ALGENGARI

Bálfarir hafa færst í vöxt hér á landi undanfarin ár. Bálför er í öllum atriðum eins og venjuleg útför nema að því leyti að kista er ekki borin til grafar. Kistulagning og útfararathöfn í kirkju eru með venjubundnum hætti. Eftir bálför ákveða aðstandendur hvenær duftker er sett í jörð í samráði við útfararstofu en það skal þó jarðað innan árs. Óheimilt er að varðveita duftker annars staðar en í kirkjugarði eða löggiltum grafreit. Sérstakir grafreitir fyrir duftker eru í Fossvogskirkjugarði og í Gufuneskirkjugarði.



GL GRANÍT OG LEGSTEINAR

Mikið úrval

Allir legsteinar
á kr. 75.000,-



Miðhraun 22 b, 210 Garðabæ, Sími 571 0400 granit@granit.is

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 | Umsjónarmenn auglýsinga: Elsa Jensdóttir elsaj@365.is sími 512 5427
Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.



Brjánn og hans starfsfólk bjóða persónulega þjónustu og aðstoð við val á legsteinum.

MYND/ERNIR

Stórt og öflugt sameinað fyrirtæki

S. Helgason og Sólsteinar sameinast í eitt fyrirtæki sem staðsett verður á Skemmuvegi 48. Þar verður boðið er upp á persónulega þjónustu við val á legsteinum og fyrsta flokks vörur. Sérmenntað starfsfólk er hjá fyrirtækinu og hægt er að fá sérsmíðaða legsteina úr mörgum tegundum íslenskra og erlendra grjóta. Legsteinar eru sendir út á land viðskiptavinum að kostnaðarlausu.

Tvær stærstu og öflugustu steinsmiðjur landsins, Sólsteinar og S. Helgason, eru að sameinast í eina. „Báðar steinsmiðjurnar hafa verið leiðandi í smíðum og framleiðslu á legsteinum frá stofnun. Sólsteinar hefur starfað frá 1996 og S. Helgason var stofnað 1953 og fagnar því sextíu ára afmæli á næsta ári,“ segir Brjánn Guðjónsson, framkvæmdastjóri.

Sameinaða fyrirtækið verður staðsett á Skemmuvegi 48 þar sem S. Helgason er til húsa. „Það eru miklar breytingar í gangi hjá okkur. Við erum að stækka og breyta búðinni, auka vöruúrvalið og fjölga mannskapnum. Sameiginlegt fyrirtæki verður stórt, öflugt og framsækið. Við leitumst alltaf við að bjóða upp á fyrsta flokks vörur og þjónustu. Gæðin í efnunum sem við notum eru mikil og okkur finnst það skipta miklu máli.“

Grafískir hönnuðir, listamenn og menntaðir steinsmiðir starfa fyrir fyrirtækið. „Við smíðum mikið af okkur eigin steinum og við sérsmíðum líka eftir pöntunum og óskum viðskiptavina. Þegar fólk hefur valið sér stein teiknum við og setjum hann upp frá A til Ö þannig að fólk getur séð nákvæma mynd af steininum áður en framleiðslan hefst. Fólk veit því alveg út í hvað það er að fara. Fólk getur líka komið til okkar sjálft með teikningar



Hægt er að fá sérsmíðaða legsteina og hver kyns fylgihluti, svo sem blómavasa, stytur og skraut, hjá S. Helgasoni-Sólsteinum.

eða hugmyndir og við látum þær verða að veruleika,“ segir Brjánn.

Stærsti sýningarsalur landsins fyrir legsteina verður á Skemmuveginum og er hann bæði inni og úti. Veitt er persónuleg þjónusta og úrvalið er mikið þannig að allir ættu að finna stein við sitt hæfi. Íslenskar steintegundir hafa verið vinsælar í gegnum tíðina og henta vel til sérsmíði. Stuðlaberg, grásteinn, gabbró og líparít er mikið notað og granít og marmari er innflutt til landsins. Einnig er hægt að fá hvers kyns fylgihluti hjá fyrirtækinu. „Við höfum mikið úrval af luktum, blómavös-



Á Skemmuvegi 48 er stærsti sýningarsalur landsins fyrir legsteina.

um, marmarastyttum og ýmsu skrauti úr kopar, svo sem engla, fugla, krossa og blóm. Auk þess er hægt að fá postulínsmynd af þeim látna brennda á legsteininn. Myndin gerir steinninn persónulegri og það eykst ár frá ári að fólk velji að hafa mynd.“

Fyrirtækið sér um uppsetningu og frágang á steinum. „Við sjáum um allt ferlið. Í dag eru steinarn-

ir yfirleitt settir upp fljótlega eftir jarðarför. Við skiptum um jarðveg undir steininum og förum niður fyrir frost, setjum mól og frostfrían jarðveg og þjöppum. Eftir það á steinninn ekki að halla en við berum hins vegar ábyrgð á öllum okkar steinum endalust og lögum ef eitthvað er að, viðskiptavinum að kostnaðarlausu. Við biðjum fólk að láta okkur vita ef eitt-

hvað kemur upp á eða ef það er ekki ánægt og þá lögum við það. Þetta er hluti af þeirri góðu þjónustu sem við veitum.“

Legsteinar fyrirtækisins eru sendir frítt út á land. „Við förum um það bil 200 kílómetra út fyrir höfuðborgarsvæðið sjálfir og setjum steinana upp. Allt annað sendum við viðskiptavininum að kostnaðarlausu,“ segir Brjánn.



Þórdís Magnúsdóttir, starfsmaður Graníthallarinnar, segir að fjölbreytt úrval sé af legsteinum í versluninni.

MYNDR/STEFÁN

Öðruvísi legsteinar úr hágæða graníti

Graníthöllin opnaði að Bæjarhrauni 26 í Hafnarfirði í maí síðastliðnum og hefur vakið athygli fyrir sérstaka og fallega legsteina á góðu verði. Steinarnir eru annað hvort einfaldir að gerð eða útskornir. Fylgihlutir fást í stíl við legsteinana.

Þórdís Magnúsdóttir, starfsmaður Graníthallarinnar, segir að lögð sé mikil áhersla á fjölbreytt úrval og fallega legsteina. „Við bjóðum upp á afar fallega legsteina og leggjum okkur fram um að vera með vandaða vöru á viðráðanlegu verði. Markmiðið er að vera fallegasta legsteinasala landsins og að allir geti fundið eitthvað við sitt hæfi.“

Þórdís segir að mjög gott kynningartilboð sé í gangi um þessar mundir. „Við bjóðum legstein, lukt, blómavasa og ramma ásamt því að koma steininum fyrir á 249 þúsund krónur. Einn ákveðinn steinn er á þessu tilboði en fólk getur valið um hvort hann sé svartur eða ljós.“

Þórdís segir enn fremur að fólk geti valið legstein úr því gríðarlega úrvali sem til sé í búðinni en einnig er hægt að sérpanta steina ef einhver óskar þess. „Við erum með einfalda og klassíska steina en einnig steina með miklum útskurði. Það geta því allir fundið eitthvað við sitt hæfi. Fólk hefur mjög mismunandi smekk, sumir vilja bara ljósan stein á meðan aðrir vilja hafa hann svartan. Steinar með útskurði

hafa verið mjög vinsælir en allir legsteinarnir eru úr hágæða granítstein. Steinninn þolir vel íslenska veðráttu, jörðin myndar granít í umhverfi þar sem skörp skil eru á milli kulda og hita. Granít er sagður sterkasti fánlegi steinn á eftir demanti.“



Færst hefur í vöxt að fólk vilji hafa alls kyns fylgihluti við legsteininn eins og luktir og blómavasa. „Við erum með gömlu koparluktirnar sem hafa verið vinsælar síðustu áratugi,“ segir Þórdís en Graníthöllin býður upp á nýjung sem ekki hefur áður sést á Íslandi; granítluktir og vasa í stíl við legsteininn. „Fólki hefur líkað þessi nýjung vel, enda eru þetta stílhreinir og fallegir hlutir. Kosturinn er að luktirnar eru afar sterkbyggðar og það sér ekkert á þeim með árunum ólíkt koparum sem raunin hefur sýnt sig,“ segir Þórdís.

Fyrirtækið býður viðskiptavinum einnig þá þjónustu að bæta við nöfnum á legsteina eða pússa þá upp. „Við höfum fengið mikið hrós. Kona ein sagði við mig: „Ég trúði varla að þetta væri leiði foreldra minna því það var orðið svo fallegt.“ Það er virkilega gaman að fá svona hrós,“ segir Þórdís.

Þegar Þórdís er spurð hvort rétt sé að bíða þurfti í heilt ár til að setja legstein á leiði segir hún það ekki vera. „Þeir hjá kirkjugörðunum segja að best sé að bíða í eitt ár svo steinninn sígi ekki í jarðveginum. Við



Graníthöllin er til húsa við Bæjarhraun í Hafnarfirði þar sem blómaverslunin Dögg var áður til húsa.

leggjum hins vegar áherslu á góða undirstöðu og vöndum vel alla jarðvegsvinnu. Steinninn ætti því ekki að síga. Við lögum hins vegar steina sem hafa sigið ef þess er óskað. Þriggja ára ábyrgð er á steinsigi og tuttugu ára ábyrgð ef

hann fer á hliðina.“

Eigandi fyrirtækisins, Heiðar Skúli Steinsson múrarameistari, hefur margra ára reynslu á vinnu við legsteina ásamt meðhöndlun á graníti. Graníthöllin er til húsa að Bæjarhrauni 26 í Hafnarfirði, á mótum Fjarðarkaupum, en fyrirtækið þjónar allt landið. „Við erum í fallegu húsnæði þar sem er gott aðgengi og við tökum vel á mótum öllum. Heimasíðan okkar www.granithollin.is

er enn í vinnslu en þar er þó hægt að sjá ýmsar útfærslur af steinum og verð. Við stefnum að nýjungum á heimasíðunni sem ekki hefur sést áður hjá legsteinasöllum. Fólk ætti þá að geta komið vel undirbúið til okkar eftir að hafa skoðað heimasíðuna fyrst, við hvetjum því alla til að fylgjast með.“

Graníthöllin er með síma 555 3888.



BORGARFERÐIR

NJÓTTU ÞESS AÐ SJÁ ÞIG UM Í HEIMINUM MEÐ ICELANDAIR

Borgarferðir

Þú færð ekki betra tækifæri til þess að lyfta þér upp. Þú getur valið á milli allra áfangastaða Icelandair, austan hafs og vestan. Hver er upphaldsborgin þín? Hún biður.

Tilboðsferðir

Spennandi tilboðsferðir. Einstök tækifæri í sumar og í haust. Fylgstu með á vefnum og taktu flugið án þess að hika. Ævintýrin gerast enn.

+ Kynntu þér möguleikana á icelandair.is



SKIPTA OFT UM FÖT Á FERÐALÖGUM

Konur skipta 28 sinnum um fót á langri ferðahelgi, segir í nýrri breskri könnun. Ein af hverjum tíu konum segist skipta um fót sjö sinnum á dag á ferðalagi á meðan meðalkonan skiptir um fót fjórum sinnum á dag. Tvö þúsund konur voru spurðar í könnuninni sem framkvæmd var af fatamerkinu Tesco's F&F. Einnig sýndi könnunin að átta af hverjum tíu kvennanna nota ekki allan þann fatnað sem þær setja í ferðatöskuna áður en haldið er í ferðalag. Í hverri ferðatösku eru að meðaltali fjögur betri dress, sex bolir, fjögur pör af stuttbuxum eða pilsur, tvennar síðbuxur, þrjú bikini, þrjú pör af léttum sandölum og tvö pör af betri skóm. Flestar konur kaupa auk þess nýjar flíkur á ferðalögum. „Ólíkt venjulegum degi heima við skipta allir um fót nokkrum sinnum á dag í fríi,“ segir talskona F&F. „Bikini fyrir sundlaugina, stuttbuxur í göngutúra og betri fót fyrir kvöldverðinn. Það getur því verið erfitt að pakka öllu í eina ferðatösku eins og mörg flugfélög eru farin að krefjast.“ Könnunin sýndi enn fremur að ein af hverjum fimm konum tekur svo mikið með sér í ferðalag að hún þarf að borga yfirvigt.



HJÓLAÐ Í NEW YORK

Yfirvöld í New York-borg hefja metnaðarfullt hjóleiðaverkefni í ágúst. Þá verður 7.000 reiðhjólum dreift um borgina á 420 reiðhjólástöðvum og gefst öllum færi á að nota hjólin án endurgjalds, þar með talið ferðamönnum. Verkefnið kallast Citi Bike og er stærsta sinnar tegundar í Bandaríkjunum. Reiðhjólástöðvarnar eru staðsettar á neðri hluta Manhattan og í hlutum Brooklyn og Queens. Fyrirhugað er að fjölga hjólunum í 10.000 á næsta ári sem dreift verður á 600 reiðhjólástöðvar. Borgaryfirvöld í New York fullyrða að samgöngur flestra borgarbúa og gesta hennar takmarkist við rúmlega þriggja kílómetra vegalengdir. Verkefninu er því ætlað að uppfylla þarfir þeirra á sama tíma og mengun og umferðarþungi minnkar. Reiðhjólástöðvarnar eru opnar allan sólarhringinn, 365 daga ársins.

HÁKARLAÁRÁSUM FJÖLGAR

Óvenjumargar mannskæðar hákarlaárásir hafa orðið á vesturströnd Ástralíu að undanfögnu. Um miðjan júlí lést ungur brimbrettakappi eftir að hafa orðið fimm metra hvíthákarli að bráð og er hann fimmta fórnarlamb hákarla á þessu svæði á innan við ári. Ekki er vitað hvað veldur en að jafnaði lætur ein manneksja lífið í hákarlaárás þar í landi á ári.

Árið 2011 var tilkynnt um 75 hákarlaárásir í heiminum öllum. Flestar, eða 29, voru í Norður-Ameríku, þar af ellefu í Florida og þrjár á Havai. Í Ástralíu voru þær ellefu og í Suður-Afríku fimm.

Í sextíu prósentum tilvika urðu brimbrettakappar og aðrir sjósportsiðkendum fyrir þessum árásum. Tólf dauðsföll urðu af völdum árásanna í fyrra sem er hæsta dánartíðni af völdum hákarlaárása síðan 1993.

Hákarlaárásur hefur fjölgað jafnt og þétt frá aldamótunum 1900. Það þýðir ekki að hákarlar séu orðnir árásagjarnari. Hins vegar stundar fólk ýmis konar sjósport í auknum mæli.



MEIRA Á ÚRVAL ÚTSÝN

MADONNA DI CAMPIGLIO / SELVA VAL GARDENA / CANAZEI

NÝR ÁFANGASTAÐUR

Canazei

LÍFLEGUR BÆR
Í HJARTA ÍTÖLSKU
ALPANNA



BEINT MORGUNFLUG
TIL VERONA. VERÐ FRÁ:
89.900,-
BÁÐAR LEIÐIR
MEÐ SKÖTTUM

VILLA ROSELLA ***

144.680,-

*á mann m.v. 2 fullorðna í
í tvíbýli með morgunverði.

Verð m.v. 2 fullorðna í tvíbýli
með hálfu fæði frá 175.680,-
Brottför 2. febrúar - 1 vika



Við hjá Úrvali Útsýn höfum áratuga reynslu af sölu skíðaferða til Madonna Di Campiglio og Selva val Gardena. Nú bætist við þriðji áfangastaðurinn, Canazei. Þessi líflegi og skemmtilegi skíðabær liggur í hjarta Dolomiti-fjallanna, einu þekktasta skíðasvæði Ítalíu.

GARNI ARITZ ****

161.676,-

*á mann m.v. 2 fullorðna í
tvíbýli með morgunverði

Brottför 2. febrúar - 1 vika



flugrútan



Reykjavik
Excursions
KYNNISFERÐIR

ÞÚ KEMST ÞANGAÐ MEÐ OKKUR!

NJÓTTU ÞESS AÐ FERÐAST Á EINFALDAN HÁTT.

Áætlunarferðir Flugrútunnar eru í tengslum við allar komur og brottfarir flugvéla um Keflavíkurflugvöll.

Kauptu miða núna á www.flugrutan.is

Alltaf laus sæti.


Frí þráðlaus internet-
tenging í öllum bílum



BSÍ - Umferðarmiðstöðin
101 Reykjavík
☎ 580 5400
main@re.is • www.re.is



Skannaðu stríkamerkid með snjallsímanum þínum





FARFUGLAHEIMILI VÍTT OG BREITT UM LANDIÐ

Áður en lagt er á hringveginn er gott að vera búinn að kynna sér staðsetningu farfuglaheimila á landinu. Á Íslandi getur verið erfitt að spá fyrir um veðrið og ef planið er að tjalda er gott að vita af farfuglaheimilum ef veður versnar. Farfuglaheimili er gistihús fyrir ferðamenn þar sem gestir geta gisti gegn vægu gjaldi. Gisting getur verið í svefnsölum eða herbergjum þar sem gestir gista í kojum. Oft er sameiginleg aðstaða eins og setustofa og eldhús þar sem gestir geta sjálfir eldað. Farfuglaheimili er næsta stig fyrir neðan mótél og fyrir þá sem líkar ekki að vera í tjaldi er eindregið mælt með farfuglaheimilum.



HJÓLALÉIGUR VÍTT OG BREITT UM NEW YORK

Í byrjun ágúst verður samgöngukerfi New York-borgar enn betra þar sem hægt verður að leigja um það bil 7.000 hjól á 420 stöðvum í borginni. Stöðvarnar verða neðarlega á Manhattan, í Brooklyn og hluta af Queens. Hægt verður að leigja hjól 24 tíma sólahringsins, 365 daga ársins og telst þetta afskaplega þægilegur kostur þar sem meðalvegalengdin sem New York-búar fara á hverjum degi er um það bil 4 kílómetrar. Þrátt fyrir að neðanjarðarlestarkerfið í borginni sé eitt það besta í heiminum, þá er það ekki fullnægjandi. Stöðvarnar verða staðsettar á gangstéttum þar sem auðvelt verður að leigja hjólin. Hjólagarpar verða því alveg lausir við viðgerðarkostnað og þjófnað.



REGLULEGAR TILBOÐS-FERÐIR FLUGFÉLAGANNA

Nú þegar samkeppni milli flugfélaga eykst gefst landsmönnum kostur á góðum tilboðum. Hægt er að fara inn á heimasíður flugfélaganna og skrá sig á póstlista. Sendir eru út póstar á nánast hverjum degi þar sem auglýst eru tilboð á flugi til skemmtilegra áfangastaða á góðu verði. Einnig er boðið upp á pakkaferðir þar sem hótél er innifalið og oft má fá þannig tilboð á sama verði og flugið eitt og sér hefði kostað hér áður fyrr. Lesendur eru hvattir til þess að fylgjast með þessum tilboðum og nýta sér þau þegar tækifærin gefast.

TREVI GRÆÐIR

Einn frægasti gosbrunnur í heimi, Fontana di Trevi í Róm, hefur mikið aðdráttarafli fyrir ferðalanga. Á hverjum degi koma þúsundir manna að Trevi og flestir kasta mynt út í vatnið. Aldrei hafa fleiri kastað pening í brunninn en síðustu sex mánuði og upphæðin er komin yfir hálf milljón evra eða um 76 milljónir íslenskra króna. Peningarnir eru veiddir upp úr vatninu og fara í hjálparstarf katólsku kirkjunnar. Með þessu áframhaldi verður árið 2012 metár í peningasöfnuninni en í fyrra voru veiddar upp 951 þúsund evra eða um 150 milljónir.

Fontana di Trevi er í miðborg Rómur og er frá árinu 1762. Fræg er sena úr bíómyndinni La Dolce Vita eftir Fellini þar sem leikkonan Anita Ekberg baðar sig í Trevi.





www.dominos.is sími 58·12345

LÉTTIR Á DOMINO'S

ÍTALSKUR

- Þynnri botn
- 25% minna deig

LAUFLÉTTUR

- Léttari botn
- 20% spelt
- Enginn sykur



ÞYNNRI BOTN!

ENGINN SYKUR!
